

ENDURSEGID SÖGUNA

Eitt af því sem þú getur æft með barninu þínu til að búa það undir skólann, er að endursegja sögu.

Svona gerir þú:

- Lestu upphátt úr bók sem barnið þitt er hrifið af.
- Talaðu um bókina.
- Láttu barnið þitt endursegja söguna.

Þú getur hjálpað með spurningum eins og:

- Hverjir voru í sögunni?
- Hvernig byrjaði sagan?
- Hvað gerðist svo?
- Hvernig endaði sagan?
- Hvað heldur þú að hafi svo gerst?

AÐ LEYSA ÁGREINING

Þú getur hjálpað barninu þínu til að undirbúa sig fyrir skólann með því að þjálfra það í að leysa ágreining.

Þú getur þjálfað barnið þitt í að tjá tilfinningar sínar, þarfir og viðbrögð án þess að ásaka hinn aðilann, jafnframt því í að hlusta á upplifanir og tilfinningar hans.

Svona gerir þú:

Þegar þér finnst að upp sé kominn ágreiningur milli þín og barnsins eða barnsins og systkina þess getur þú reynt að nota þessar spurningar:

1) Staðreynd:

Hvað gerðist?

2) Upplifun/tilfinningar:

Hvernig líður þér með það sem gerðist?

3) Þarfir:

Hvers vegna líður þér svona?

4) Viðbrögð:

Hvað getum við gert við þessu?

FRUMKVÆÐI BARNINS AÐ VERKEFNUM

Barnið þitt þarf að geta sett fram tillögur og gert grein fyrir hugmyndum sínum að verkefnum og þess vegna getur þú hjálpað barninu þínu í því að æfa sig í að orða tillögur, rök o.s.frv.

Svona gerir þú:

Þú getur byrjað á því að spyrja barnið þitt um hvað það leggi til að verði haft í kvöldmatinn eða hvaða bók þið eigið að lesa. Gefðu barninu þínu t.d. þrjá valkosti.

Þegar barnið þitt er tilbúið til þess getur þú hjálpað því til að koma með stærri tillögur t.d. um hvað eigi að gera um helgina eða í fríinu.

Þú getur notað eftirfarandi spurningar til að hjálpa barninu þínu til að lýsa og útskýra hvað það vill gera:

1) Komið með hugmynd. Spurðu t.d.:

Hvað langar þig til að gera um helgina?

2) Útskýrðu, hvernig hugmyndin er. Spurðu t.d.:

Hvað eigum við að gera?

Hvaða hluti þurfum við að nota? Hverjir eiga að vera með?

3) Láttu barnið þitt rökstyðja. Spurðu t.d.:

Hvers vegna finnst þér þetta áhugavert?

Hvað eigum við að gera ef einhver vil ekki vera með? Af hverju verður þetta skemmtilegt?

Er eitthvað sem getur mistekist?

4) Hvað þurfum við að undirbúa fyrir helgina?

Hvað getur þú gert?

Hvað getum við gert saman?